

Mánudaginn 15. júlí 1918.

Nr. 68/1917.

Björn Guðmundsson

gegn

Bjarna Guðmundssyni.

D ó m u r:

Mál þetta féll í rétt samkvæmt yfirréttarstefnunni 24. sept. f. á. Síðan hefir mál þetta verið rek-ið hér fyrir réttinum og hafa báðir málsaðilar feng-ið frest í því hvað eftir annað. Við fyrirtekt máls-ins 24. f. m. fékk umboðsmaður áfrýjanda vikufrest og málsskjölin léð, en við næstu fyrirtekt málsins að þessum fresti liðnum, 1. þ. m. mætti áfrýjandi eigi og enginn af hans hendi. Hins vegar mætti umboðs-maður stefnda, krafðist þess að málið væri hafið og umbjóðanda sínum dæmdur málskostnaður. Skjöl málsins, er voru í vörzlun umboðsmanns áfrýjanda, afhenti hann yfirdóminum 6. þ. m.

Kröfu málaflutningsmanns stefnda um að málið verði hafið, verður að taka til greina, en með tilliti til þess að hann gat krafist fullnaðardóms í málinu, eins og það lá fyrir, er hann lagði það í dóm 24. f. m., virðist ekki næg ástæða til þess að dæma hon-um ómáksbætur.

Því dæmist rjett vera:

Mál þetta skal hafið. Málskostnaður fellur niður.